

---

## Náma E- 41 á Fljótsheiði, Þingeyjarsveit

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### INNGANGUR

Þann 30. apríl 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða 126.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr opinni námu, E-41 í landi Kvígindisdals, á Fljótsheiði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna. Efnistakan er vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Hringvegi(1) um Reykjadal, nýrrar brúar á Hringvegi yfir Skjálfandafljót við Fosshól og endurbyggingar Bárðardalsvegur vestri (842). Sumarið 2014 voru teknir tæplega 24.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni og burðarlagi úr námunni. Efnistakan verður þá samtals allt að 149.900 m<sup>3</sup> á allt að 49.900 m<sup>2</sup> svæði.

Skipulagsstofnun leitaði álits Þingeyjarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Þingeyjarsveit með tölvupósti dags. 20. maí 2015, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 12. maí 2015 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. maí 2015. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 18. maí 2015.

#### FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að náman sé staðsett vestan við Hringveginn um Fljótsheiði. Náman hafi á sínum tíma verið opnuð vegna lagningar Hringvegarins skömmu fyrir aldamót. Í námunni séu jökulruðningur og klöpp. Fyrirhuguð sé að nota efnið í burðarlag og fyllingar.

Fram kemur að náman sé þrískipt. Á svæði 1, sem er um 4.000 m<sup>2</sup> að stærð, hafi verið tekið fyllingarefni sumarið 2014. Á svæði 2, sem er um 5.000 m<sup>2</sup> að stærð, hafi verið unnið efni úr klöpp í burðarlag sumarið 2014. Jökulruðningur sem var ofan á klöppinni á svæði 2 hafi verið notaður í fyllingar. Á svæði 3, sem er um 35.000 m<sup>2</sup> að stærð sé fyrirhuguð að vinna efni úr klöpp í burðarlag. Jökulruðningur sem sé ofan á klöppinni á svæði 3 verði notaður í fyllingar.

Fram kemur að fjarlægja þurfi á bilinu 0,5 til 1,5 m af mold af yfirborði námunnar. Sérstaklega þurfi að hreinsa vel og ýta öllu frágangsefni undir námustáli klapparinnar í burtu til að komast að því. Nauðsynlegt verði að flokka efnið og aðgreina eftir efniskröfum til notkunar í burðarlag. Syðst á svæðinu sé frágenginn gamall námubotn sem nýttur verði sem efnisvinnslu- og haugsvæði. Við jaðar efnistökusvæðisins þurfi geymslu- og frágangssvæði. Svæðið verði m.a. nýtt tímabundið til að geyma ofanafýtingu. Ofanafýtingu verði haldið til haga og haugsett meðan á efnistöku standi. Svæði sem raskað verði vegna efnistöku, geymslu- og frágangssvæðis sé allt að 49.900 m<sup>2</sup> að stærð.

Þá kemur fram að náman verði unnin í allt að 5-6 m háu stáli. Stóru klappargrjóti sem verktaki þurfi að flokka frá við efnisvinnslu og uppfylli kröfur um ákveðnar steinastærðir

verði haldið til haga til að nota við frágang ræsa. Það grjót sem ekki nýtist til framkvæmdarinnar verði sett í haug í námunni og urðað við lokafrágang hennar. Tenging námuvegjar við Hringveg hafi verið mjög þröng og því var hún víkkuð sumarið 2014 svo að stór tæki og bílar ættu auðveldara með að aka niður í námuna.

**Rekstrartími og frágangur.** Í greinargerð kemur fram að á árunum 2015 og 2016 verði tekið efni úr námunni vegna framkvæmda á Hringvegi um Reykjadal á kaflanum milli Lauga og Reykjadalsár. Mögulegt sé að framkvæmdir við nýja brú yfir Skjálfandafliót við Fosshól verði á árunum 2018-2019. Á árunum 2019-2022 séu fyrirhugaðar framkvæmdir á Bárðardalsvegi vestari (842), á kaflanum Hringvegur-Sprengisandsleið.

Fram kemur að við frágang námunnar verði svæðið mótað, til að aðlaga námuna sem best að aðliggjandi landi. Miðað sé við að náman verði notuð sem framtíðarnáma fyrir Vegagerðina og aðeins gengið frá henni að hluta til í lok hverrar efnistöku, þannig að svæðið verði aðgengilegt til frekari efnistöku. Þegar efnistaka teljist að fullu lokið verði gengið frá henni í samráði við Þingeyjarsveit og Umhverfisstofnun. Þá verði gengið frá lausu efni sem ekki nýtist í vegagerð undir stáli námunnar þannig að það falli eins og kostur er að umhverfinu. Við uppgræðslu sé oft reynt að endurheimta grenndargróður, en í þessu tilviki sé afar lítið um náttúrulegan lyngmóagróður á námusvæðinu, um 90% af svæðinu sé sinuvaxið. Ekki virðist mögulegt að endurheimta þann gróður sem fyrir var, því um 15 ár séu síðan hann var fjarlægður. Því sé gert ráð fyrir að sá og bera á við uppgræðsluna. Við sáningu verði notaðar gróðurtegundir sem henti fyrir svæðið. Aðferðir við uppgræðslu muni m.a. fara eftir ríkjandi gróðurfari á svæðinu, jarðvegi, jarðmyndun og hæð yfir sjó.

Þá kemur fram að mögulegt sé að svæðið verði nýtt síðar, en ákvörðun um það verði tekin þegar þar kemur. Ef stækka eigi námuna umfram það sem hér kemur fram verður það metið í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Fram kemur að búið sé að hreinsa jarðveg af því svæði sem verði tekið undir efnistöku og því séu áhrif á gróður og fugla hverfandi lítil.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Þingeyjarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

**Sjónræn áhrif.** Umhverfisstofnun bendir á að náman verði væntanlega notuð um ófyrirsjáanlega framtíð og því þurfi að kanna hvort unnt sé að móta námuna þannig að hún verði ekki eins áberandi frá Hringvegi. Bent er á þann möguleika að móta námuna þannig með efnistökkunni að náman verði lítt áberandi frá aðliggjandi vegi líkt og gert hafi verið á Krýsuvíkurheiði.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að að reynt verði að gera efnistökkuna minna áberandi með því að hrófla ekki við landinu á milli námunnar og Hringvegarins. Því landi sem fyrirhugað sé að raska hafi verið raskað með efnistöku við lagningu Hringvegarins um Fljótshéiði, á árunum 1996-1999. Á þeim tíma hefði mögulega verið hægt að standa að efnistökkunni á annan hátt, einkum þegar stálið í námunni var opnað. Sumarið 2014 þegar haldið var áfram að vinna úr stálinu, hafi ekki verið hróflað við svæðinu milli námunnar og Hringvegarins, en ekki hugað frekar að því að loka fyrir innsýn í námuna.

Tekið sé fram að þar sem landið halli upp frá Hringveginum, og námubotninn fylgi að mestu sama halla, sé erfitt að draga úr innsýn í námuna. Á seinustu árum hafi Vegagerðin lagt sig fram um að móta efnistöku úr nýjum námum þannig að þær séu lítt áberandi frá aðliggjandi vegi. Sumarið 2015 muni Vegagerðin skoða hvort hægt sé að fara í frekari aðgerðir á Fljótsheiði án verulegs kostnaðar, t.d. með jarðvegsmönnum til að draga úr sjónrænum áhrifum fyrirhugaðrar efnistöku. Mögulegt sé að manir þurfi að vera mjög háar til að hindra innsýn í námuna og ef það verði niðurstaðan, verði þær mjög dýrar og áberandi og munu líklega ekki ná tilætluðum árangri um að bæta útlit svæðisins. Haft verði samráð við Umhverfisstofnun þegar niðurstaða þeirrar skoðunar liggja fyrir.

Mengunarhætta. Í umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra er bent á nauðsyn þess að gerðar verði þær kröfur til verktaka á svæðinu að vélar og tæki séu í góðu lagi og þær fari ekki inn á svæðið nema að undangenginni skoðun Vinnueftirlits eða annarra sambærilegra aðila sem til þess séu bærir.

Í svörum Vegagerðarinnar er tekið undir ábendingar Heilbrigðiseftirlitsins og þar kemur fram að Vegagerðin muni gera slíkar kröfur til verktaka á svæðinu.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 126.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr opinni námu, E-41 í landi Kvígingisdals, á Fljótsheiði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla verði hverfandi þar sem fyrirhugað sé að taka efni á svæði þar sem gróður og jarðvegur hafi þegar verið fjarlægður.

Náman er mjög nærri Hringvegi stendur þannig í landi að hún verður töluvert áberandi. Sjónræn áhrif eru aftur á móti að mestu komin fram vegna fyrri efnistöku og munu verða viðvarandi á rekstrartíma námunnar. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif námunnar muni áfram vera talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun er sammála Umhverfisstofnun um að æskilegt sé að vinna námur þannig að þær verði eins lítið áberandi og frekast er unnt. En Skipulagsstofnun telur að Vegagerðin þurfi að reyna eftir því sem kostur er að draga úr sjónrænum áhrifum. Takist það þá er mögulega unnt að draga nokkuð úr sjónrænum áhrifum þar til gengið verði frá námunni í lok rekstrartíma.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að náma E- 41 í landi Kvígingisdals á Fljótsheiði, Þingeyjarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og

vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. júlí 2015.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson



# Skipulagsstofnun